



Rangárbíng eystra

# Fjárhagsáætlun 2024

## Greinargerð

Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2024 .....	2
ALMENNAR FORSENDUR .....	2
LAGAUMGJÖRÐ .....	2
ÚTSVAR.....	3
FASTEIGNAGJÖLD.....	4
JÖFNUNARSJÓÐUR.....	5
LAUN .....	5
ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR.....	6
LÁNTÖKUR.....	7
REKSTUR MÁLAFLOKKA.....	7
02 FÉLAGSMÁL.....	8
03 HEILBRIGÐISMÁL.....	8
04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL.....	8
05 MENNINGARMÁL .....	8
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍÞÓRTTAMÁL.....	9
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR .....	9
08 HREINLÆTISMÁL .....	9
09 SKIPULAGSFULLTRÚI .....	9
10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL.....	10
11 UMHVERFISMÁL.....	10
13 ATVINNUMÁL.....	10
21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR.....	10
HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2024-2027.....	11
REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI.....	11
EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI.....	12
LOKAORÐ .....	15

## Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2024

### ALMENNAR FORSENDUR

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð nr. 1212/2015 segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Upphaflega, þegar fjárhagsáætlunin var tekin til fyrri umræðu, var notast við þjóðhagsspá sem Hagstofa birti 30. júní þar sem gert var ráð fyrir 4,9% verðbólgu. Frá því að spáin var gefin út hafa efnahagsforsendur breyst nokkuð. Hagstofa gaf út nýja spá 17. nóvember sl. Þar er fyrst og fremst um að ræða að draga mun úr vexti einkaneyslu, töluverðum samdrætti er spáð í atvinnuvegafjárfestingu og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði auk þess sem gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera muni dragast saman um 8,1% í ár. Uppfærð þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 5,6% verðbólgu árið 2024 og er sú spá notuð í uppfærðri áætlun. Helstu óvissuþættir í tengslum við spána og þar af leiðandi áætlun þessa eru eftirfarandi. Jarðhræringar á Reykjanesi og óvissa í tengslum við þær, t.a.m. áhrif á ferðapjónustu. Alþjóðlegar efnahagshorfur þar sem óvissa ríkir m.a. vegna stríðsátaka í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs. Kjarasamningar flestra starfsmanna sveitarfélagsins verða lausir á árinu 2024 og er það annar stór óvissuþáttur í gerð fjárhagsáætlunar 2024. Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélaga og áhrif launahækkana því mikil. Almennt var lagt upp með að gæta í hvívetna aðhalds í rekstri sveitarfélagsins. Þróun verðbólgu á Íslandi er einn stærsti óvissuþátturinn í fjárhagsáætlun þessari. Verði verðbólga meiri en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir, kemur það til með að hafa mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins. Ferðapjónusta er stór atvinnugrein í sveitarfélaginu og sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest á sl. tíu árum í sveitarfélaginu. Fjöldi ferðamanna skiptir sköpum um hagþróun næstu ára. Ferðamönnum hefur fjölgað töluvert á árinu 2023 og samkvæmt spám er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna árið 2024. Von er á að sú þróun haldi, sem hefur jákvæð staðbundin áhrif á áætlun þessa.

### LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2024 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal byggðarráð leggja fyrir sveitarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra er því eiginleg fjárveiting til rekstrar sveitarfélagsins og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

## ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Rangárþings eystra er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 9% milli árána 2023 og 2024. Kemur sú hækkun til bæði vegna fólksfjölgunar í sveitarfélaginu og hækkunar á tekjum einstaklinga. Útsvarsgreiðslur fyrir árið 2024 eru áætlaðar 1.442 m.kr. samanborið við 1.313m.kr. í útgönguspá ársins 2023. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að eftirágreitt útsvar verði um 101 m.kr. til viðbótar við staðgreiðslu útsvars. Tekin hefur verið ákvörðun um óbreytta útsvarsprósentu sveitarfélagsins og er hún 14,74%.

	2023	2022	2021	2020	2019
01 Janúar	99.705.785	85.467.216	90.989.290	81.945.263	83.891.175
02 Febrúar	103.062.818	93.096.173	82.136.961	76.655.620	78.885.759
03 Mars	101.044.878	87.882.893	79.003.294	77.693.802	74.897.431
04 Apríl	98.059.276	74.764.727	65.626.752	60.928.715	64.029.855
05 Maí	101.162.476	90.763.287	62.132.820	79.586.056	85.146.285
06 Júní	113.106.748	98.516.938	83.024.790	71.956.098	74.480.586
07 Júlí	115.155.876	84.684.004	82.322.032	80.260.491	85.644.235
08 Ágúst	124.999.048	107.544.151	79.672.024	85.233.636	80.617.207
09 September	135.094.014	122.390.304	111.870.322	114.643.326	112.610.814
10 Október	117.974.904	109.051.350	93.272.745	80.128.053	83.846.616
11 Nóvember	114.119.413	103.191.451	84.907.821	85.052.408	87.874.481
12 Desember		136.828.298	96.203.534	115.513.452	88.718.687
Samtals	1.223.485.236	1.194.180.792	1.011.162.385	1.009.596.920	1.000.643.131

*Greidd staðgreiðsla til Rangárþings eystra, eftir mánuðum*

## FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Skatthlutföll haldast óbreytt milli ára 2023-2024.

	2024	2023	2022	2021	2020
Fasteignaskattur A	0,375%	0,375%	0,375%	0,35%	0,35%
Lóðarleiga	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Vatnsgjald	0,18%	0,18%	0,21%	0,23%	0,23%
Holræsagjald	0,20%	0,20%	0,23%	0,25%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	56.900	56.900	47.010	47.010	45.400

*Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2020-2024*

Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2024 var birt 31. maí 2023 og er fasteigna- og landmat 2023 63.540 m.kr. Fasteignamat fyrir árið 2023 var 54.782 m.kr. og því hækkar fasteignastofninn fyrir fasteignamat árið 2024 um 16% milli ára. Meðalhækkun fasteignamats á landsvísu var 11,7%. Mest var hækkun fasteignamats á jörðum í sveitarfélaginu eða 22,8%. Hækkun á fasteignamati atvinnuhúsnaðis og stofnana hækkar mun minna eða um ríflega 5%.

### *Fasteignaskattur*

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnaði og atvinnuhúsnaði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti aukist um ríflega 47,5 milljónir milli ára.

### *Vatnsskattur og holræsagjald*

Vatnsskattur og holræsagjald haldast óbreytt á milli ára. Gert er ráð fyrir að tekjur af vatnsskatti hækki um 9 milljónir á milli ára og fráveitu um 5 milljónir.

### *Sorpgjöld*

Töluverðar breytingar og stefnumótun hafa verið gerðar og eru fram undan í málaflokknum, vegna innleiðingar nýrra laga um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögum var gert að innleiða nýtt verklag og gjaldskrár í sorphirðu í ársbyrjun 2023, út frá fyrirkomulaginu „borgað þegar hent er“, skv. II. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Innheimta vegna söfnunar og annarrar meðhöndlunar úrgangs hefur tekið breytingum með fyrrnefndri innleiðingu og er aðalbreytingin sú að sá borgi sem mengar. Þær breytingar sem gerðar voru í upphafi árs 2023 hafa skilað góðum árangri og verður því gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar óbreytt milli ára.

### *Lóðarleiga*

Lóðarleiga breytist ekki á milli ára.



## JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn ein þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga, s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Gert er ráð fyrir að útgjaldajöfnunarframlag og framlag vegna fasteignaskatts hækki töluvert á milli ára á meðan grunnskólaframlag lækkar verulega. Í heild hækka framlög jöfnunarsjóðs um 10,1% milli ára.

	2024 áætlun	2023 áætlun	2022	2021	2020
Fasteignaskattsframlag	163.577.585	128.498.142	121.410.156	86.887.247	83.944.269
Útgjaldajöfnunarframlag	366.118.447	302.608.896	310.340.788	284.908.046	258.685.093
Grunnskólaframlag	68.771.815	111.999.783	128.246.034	97.735.334	69.591.556
Framlag v. Sérþarfa fatlaðra.	6.201.202	7.700.000	7.669.916	7.850.000	4.200.000
Framlag v. Nýbúafraeðslu	6.398.989	4.420.000	4.160.000	3.750.000	3.900.000
Samtals	611.068.038	555.226.821	571.826.894	481.130.627	420.320.918
	10,1%	-2,9%	18,9%	14,5%	-4,6%

Tafla 4. Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði árin 2020-2024

## LAUN

Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélagsins. Launahækkunarir samkvæmt launavísitölu hafa legið á bilinu 6-7% mörg undanfarin ár. Töluverð óvissa er um launahækkunarir ársins 2024, þar sem kjarasamningar flestra starfsmanna sveitarfélagsins eru lausir á árinu. Kjaraviðræður eru á upphafsreit og því ómögulegt að vita hverjar niðurstöður nýrra samninga verða. Því er erfitt að áætla hver raunverulegur launakostnaður verður árið 2024. Áætlunin tekur mið af spá Hagstofu Íslands um þróun launavísitölu og er gert ráð fyrir 5,8% meðaltals launahækkunum á árinu. Áætlað er að heildarlaunagreiðslur A hluta verði 1.585 milljónir króna á árinu 2024. Það fara því um 50% af heildartekjum A hluta í launagreiðslur starfsmanna sveitarfélagsins.

## ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR

Í áætlun 2024 er gert ráð fyrir 3,1% fjölgun íbúa í Rangárþingi eystra milli ára. Verðbólga hefur verið há það sem af er ári 2023 og stendur nú í 8% sem er nokkuð umfram það sem spár gerðu ráð fyrir. Verðbólga er þó á hægri niðurleið. Spár fyrir 2024 gera áfram ráð fyrir verðbólgu en þó er gert ráð fyrir að dragi verulega úr henni þegar líður á árið en í þessari áætlun er notast við þjóðhagsspá sem gerir ráð fyrir 5,6% verðbólgu árið 2024. Var miðað við þá spá við útreikninga skulda og afborgana í áætlun þessari. Miðað var við að almennar hækkanir á vöru og þjónustukaupum yrðu 5-10% og almennar gjaldskrárhækkanir sveitarfélagsins eru hækkaðar milli 0-10% eftir málaflokkum.

## FJÁRFESTINGAR

Lokið var við byggingu nýs leikskóla á árinu 2023. Bygging nýs leikskóla er allra umfangsmesta og kostnaðarsamasta einstaka verkefni sem sveitarfélagið hefur lagt í. Sveitarfélagið þarf áfram að byggja upp mikilvæga innviði en fjárhagslegir burðir þess eru þó ekki þannig að hægt sé að fjárfesta fyrir svo háar upphæðir ár eftir ár. Því er gert ráð fyrir töluvert minni fjárfestingu 2024 en var 2023. Gert er ráð fyrir áframhaldandi gatnagerð, yfirborðsfrágangi í Hallgerðartúni, og göngustígum og gangstéttum til að tengja nýja íbúabyggð við göngustígakerfi sem fyrir er. Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðhaldi við Hvolsskóla, alls 35.000.000, viðhaldi á félagsheimilum fyrir sömu upphæð og framkvæmdum við lóð Áhaldahúss fyrir 10,000.000. Gert er ráð fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja, undirbúning að gervigrasvelli, körfuboltavöll á lóð Hvolsskóla og hönnun á útisvæði sundlaugar.

Áætlunin í heild gerir ráð fyrir fjárfestingum að heildarupphæð 388 milljónir. Nánari skiptingu má sjá í töflunni hér að neðan.


Framkvæmdaáætlun 2024	Málaflokkur	Áætluð upphæð	Framlag ríkis	Samtals upphæð
Gatnagerð	32	71.000.000	0	71.000.000
Hvolsskóli	4	35.000.000	0	35.000.000
Félagsheimili	5	35.000.000	0	35.000.000
Íþróttamannvirki	6	37.000.000	0	37.000.000
Ferðamannastaðir, Skógar	11	200.000.000	0	200.000.000
Þjónustumiðstöð lóð	34	10.000.000	0	10.000.000
<b>Samtals fjárfestingar</b>		<b>388.000.000</b>	<b>0</b>	<b>388.000.000</b>

## LÁNTÖKUR

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 200 milljónum króna á árinu 2024, til að mæta kostnaði við fjárfestingar en 188 milljónir verða fjármagnaðar með eiginfé. Gert er ráð fyrir að lán verði tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

## REKSTUR MÁLAFLOKKA

### SKIPTING KOSTNAÐAR A-HLUTA, MILLI MÁLAFLOKKA 2024





## 02 FÉLAGSMÁL

Félagsþjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðasamlagi með sveitarfélögum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Fjárheimildir til byggðasamlagsins aukast lítið. Framlög til málaflokksins í heild sinni hækka um 1,1%.

Málefni fatlaðra eru rekin í Bergrisanum, byggðasamlagi sem rekið er með öllum sveitarfélögum á Suðurlandi. Fjárframlög til Bergrisans hafa hækkað gríðarlega mikið síðastliðin ár en í ár er þó gert ráð fyrir töluverðri lækkun til Bergrisans. Framlög lækka um 27% eða ríflega 10 milljónir. Framlög til annarra deilda innan málaflokksins hækka og því nýtast þessar 10 milljónir í önnur málefni, svo sem barnavernd, fjárhagsstuðning, heimaþjónustu og tómstundastarf aldraðra svo eitthvað sé nefnt.

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er áfram gert ráð fyrir að reka VISS vinnustað fyrir tilstilli Bergrisans, en þetta er fjórða árið í rekstri VISS. Umfang VISS mun aukast töluvert á árinu, gert er ráð fyrir herra hlutfalli forstöðumanns auk þess sem vinnustaðurinn mun flytja af Kirkjuhvoli og í Örkina, húsnæði gamla leikskólans.

## 03 HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sér um málaflokkinn en fjárheimildir hækka um 6% milli ára.

## 04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Fræðslu- og uppeldismál eru langstærsti einstaki málaflokkur sveitarfélagsins en 52% útgjalda A hluta sveitarfélagsins fara beint í málaflokkinn. Fjárheimildir til málaflokksins í heild hækka um 15% milli ára, en samtals eru þær rétt um 1,35 milljarður króna.

Ástæða þessarar miklu hækkunar til málaflokksins er fyrst og fremst sú að ný bygging Leikskólans Öldunnar var tekin í notkun seinni hluta árs 2023 og er rekstrarkostnaður nýja leikskólans töluvert hærri en þess gamla. Gert er ráð fyrir að framlög til leikskólans hækki um 30% á milli ára, munar þar mest um hærri innri leigu sem greidd er til eignasjóðs en hún hækkar úr 20 milljónum í 95 milljónir. Einnig hækkar ýmiss rekstrarkostnaður svo sem hiti, rafmagn, ræsting o.s.frv. enda fermetrafjöldi húsnæðisins margfaldur miðað við það sem áður var. Einnig er gert ráð fyrir að opna sjöundu deild leikskólans árið 2024.

Framlög til Hvolsskóla hækka um 7%, í takt við launahækkanir og almenna þróun verðlags. Gert er ráð fyrir að rekstur skólans verði sambærilegur við fyrri ár.

Skólaþjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðasamlagi með félagsþjónustu, framlög til skólaþjónustu eru nær óbreytt milli ára.

Framlög til Tónlistarskóla Rangæinga hækka um 11% milli ára. Tónlistarskólinn er rekinn í byggðasamlagi.

## 05 MENNINGARMÁL

Heildarfjárheimildir til menningarmála hækka um 3,3% milli ára, en heildarfjármagn til málaflokksins eru 182 milljónir. Veigamestu liðir í málaflokki er rekstur

Héraðsbókasafns, Héraðsskjalasafns og rekstur þeirra sex félagsheimila sem eru í sveitarfélaginu.

Meningarsjóður sveitarfélagsins sem stofnaður var árið 2019, er festur í sessi og fær til úthlutunar 2.500.000 króna og er gert ráð fyrir úthlutun úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna viðburða og hátíðarhalda til dæmis á 17. júní og kjötsúpuhátíð.

## 06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Fjárheimildir til æskulýðs- og íþróttamála hækka um 17% á milli ára en framlög til æskulýðs og íþróttamála nema 269.000.000 kr. Áfram er lögð áhersla á málefni ungra íbúa í samfélaginu, með eflingu ungmennaráðs og styrkjum til þeirra íþróttafélaga sem reka ungliðastarf í sveitarfélaginu. Styrkir til íþróttafélaga hækka um 5.000.000. Áfram er gert ráð fyrir styrkveitingum úr íþróttá- og afrekssjóði sveitarfélagsins. Auk þess er lögð rík áhersla á almenna lýðheilsu en sveitarfélagið mun halda áfram innleiðingu heilsueflandi samfélags. Fé til rekstrar íþróttamiðstöðvar er aukið milli ára auk þess sem gert er ráð að lengja helgaropnun íþróttamiðstöðvar og sundlaugar yfir vetrartímamann. Einnig er gert ráð fyrir tækjakaupum til líkamsræktar. Gert er ráð fyrir fjárfestingum að upphæð 37 milljónir vegna færslu þar sem hanna á útisvæði við sundlaug, undirbúa uppbygginu á gervigrasvelli og byggja utanhúss körfuboltavöll.

## 07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Fjárheimildir til Brunavarna, sem rekin eru í byggðasamlagi, hafa hækkað töluvert undanfarin ár. Gert er ráð fyrir 11% hækkun milli ára í framlögum til reksturs slökkviliðs. Í áætluninni er gert ráð fyrir eflingu slökkviliðs, slökkviliðsstjóra í 100% starfshlutfall og búnaðarkaupa næstu 5 árin í samræmi við brunavarnaáætlun sem samþykkt var í lok árs 2021.

## 08 HREINLÆTISMÁL

Sorphreinsun, sorpeyðing og rekstur gámastöðva fer fram í gegnum byggðasamlagið Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. Fjárheimildir til málaflokksins lækka milli ára þriðja árið í röð og hafa með því verið stigin augljós skref í átt að því að uppfylla lög um meðhöndlun og urðun úrgangs sem tóku gildi um áramótin 2022-2023. Eitt af markmiðum laganna er að festa í sessi hringrásarhagkerfi. „Borgað þegar hent er“ hefur verið yfirskrift laganna og miðar að því að sá sem á úrganginn greiði fyrir hann en ekki sé greiddur flatur urðunarskattur eða að urðun úrgangs sé niðurgreidd af sveitarfélögum. Sveitarfélagið innheimtir sorphirðu og eyðingargjöld, sem standa eiga undir kostnað við málaflokkinn en í ár greiðir sveitarfélagið 10.291 milljónir með málaflokknum. Til lækkunar á kostnaði er í fyrsta skipti gert ráð fyrir tekjum frá Úrvinnslusjóði að upphæð 9.000.000 kr.

## 09 SKIPULAGSFULLTRÚI

Fjárheimildir í málaflokkinn í heild hækka um 17 milljónir milli ára, eða 30%. Nokkrir einstakir liðir valda þessari miklu hækkun. Kostnaður vegna þjóðlendumála hækkar um 5 milljónir, þar sem hefja á vinnu við skráningu lóða í þjóðlendum. Kostnaður við aðal- og deiliskipulag hækkar um 8 milljónir vegna mikils fjölda verkefna þar sem sveitarfélagið þarf að fara í deili- og/eða aðalskipulagsbreytingar. Framlög til embættis Skipulags og

byggingarfulltrúa eru óbreytt milli ára. Áfram er gert ráð fyrir kostnaði við fornleifaskráningu og fasteignamat.

## 10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 3,5% milli ára. Líkt og í áætlun fyrri ára er gert ráð fyrir kostnaði við viðhald og endurnýjun götulýsingar, en RARIK afhenti sveitarfélaginu verkefnið í lok árs 2021. Gert er ráð fyrir 12 milljónum í sérstakt átak við að bæta og lagfæra göngustíga og gangstéttar í sveitarfélaginu. Er þetta hluti af stærra verkefni sem halda á áfram með næstu árin.

## 11 UMHVERFISMÁL

Fjárheimildir til umhverfismála aukast um 22% milli ára, eða 11 milljónir. Áfram verður gert ráð fyrir kostnaði við fegrun sveitarfélagsins bæði í þéttbýli og dreifbýli, styrkjum til landgræðslu og umhirðu gatna. Mest hækkun fer í umhirðu gatna, slátt og umsjón götueyja en gert er ráð fyrir lagfæringum á kantsteinum og öðru slíku á og við götur. Gert er ráð fyrir ríflega 5 milljóna króna kostnaði við refa- og minkaveiðar.

## 13 ATVINNUMÁL

Framlög til atvinnumála hækkar um 15% eða 3,6 milljónir. Flestir liðir innan málaflokksins fá óbreytt framlag frá fyrra ári, t.d. uppbygging og viðhald ferðamannastaða, fjallaskálar og framræsla skurða. Undir málaflokkinn fellur nýtt starf Byggðarþróunarfulltrúa en sveitarfélagið greiðir 25% af kostnaði við starfið, á móti Rangárþingi ytra og SASS sem greiða samtals 75% kostnaðar. Áætlaður kostnaðar sveitarfélagsins vegna starfsins er 3,5 milljónir.

## 21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Gert er ráð fyrir að framlög til sameiginlegs kostnaðar hækki í takt við verðlag eða um 7% milli ára. Framlög til rekstur skrifstofu sveitarfélagsins hækka um 4%. Áfram er gert ráð fyrir kostnaði við samning við Auðnast ehf um velferð starfsfólks, vegna sameiginlegs starfsmannakostnaðar sveitarfélagsins, 12 milljónum til Kötlu Geopark, innleiðingu Barnvæns samfélags, Héraðsnefndar og markaðsmála.

## HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2024-2027

Hér á eftir birtast helstu tölulegar upplýsingar úr áætlun 2024-2027. Fyrir nánari útlistun er bent á skjal með fjárhagsáætluninni í heild.

### REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur.....	1.481.830	1.671.007	1.857.159	1.972.100	2.076.498	2.179.929
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	750.946	596.418	611.920	630.277	646.034	662.185
Aðrar tekjur.....	707.040	773.861	893.706	929.362	959.967	991.337
	2.939.816	3.041.286	3.362.785	3.531.739	3.682.500	3.833.451
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	1.371.920	1.467.823	1.637.488	1.723.762	1.798.306	1.871.192
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	24.105	19.454	63.106	20.000	20.000	20.000
Annar rekstrarkostnaður.....	1.133.117	1.077.044	1.254.214	1.300.740	1.340.460	1.381.167
	2.529.143	2.564.322	2.954.808	3.044.502	3.158.766	3.272.359
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	410.673	476.964	407.977	487.237	523.734	561.092
Afskriftir.....	( 126.768 )	( 180.229 )	( 197.017 )	( 201.175 )	( 214.015 )	( 226.640 )
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>	283.904	296.735	210.959	286.062	309.719	334.452
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>	( 116.379 )	( 179.024 )	( 160.094 )	( 133.449 )	( 119.775 )	( 112.305 )
<b>Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta</b>	167.526	117.711	50.865	152.613	189.944	222.148
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	( 1.397 )	0	( 1.000 )	( 1.000 )	( 1.000 )	( 1.000 )
Óreglulegir lábir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	166.128	117.711	49.865	151.613	188.944	221.148

**EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI**

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
<b>Efnahagsreikningur - Eignir</b>						
<b>Fastafrjármunir:</b>						
Varanlegir rekstrarfrjármunir:						
Fasteignir og lóðir .....	3.542.294	4.094.840	4.098.247	4.134.232	4.240.842	4.133.102
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur .....	307.190	453.013	695.098	954.759	1.065.222	1.169.286
Vélar, áhöld og tæki .....	122.295	113.629	84.999	71.178	60.088	52.126
Leigðar eignir .....	0	0	0	0	0	0
	3.971.779	4.661.282	4.878.342	5.160.167	5.366.152	5.354.513
Áhættufrjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum .....	219.284	219.284	219.284	219.284	219.284	219.284
Tekjuskattseign .....	823	823	823	823	823	823
Langtímakröfur .....	5.104	5.104	5.104	5.104	5.104	5.104
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	128.786	122.961	117.136	111.311	105.486	99.661
	353.997	348.172	342.347	336.522	330.697	324.872
<b>Fastafrjármunir</b>	<b>4.325.776</b>	<b>5.009.454</b>	<b>5.218.689</b>	<b>5.496.689</b>	<b>5.696.849</b>	<b>5.679.385</b>
<b>Veltufrjármunir:</b>						
Birgðir .....	3.849	3.849	3.849	3.849	3.849	3.849
Önnheimtar tekjur .....	156.094	156.094	156.094	156.094	156.094	156.094
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0 ( 0 ) ( 0 ) ( 0 )	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirt. ....	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Aðrar skammtímakröfur .....	220.601	220.601	220.601	220.601	220.601	220.601
Verðbréf .....	0	0	0	0	0	0
Handbært .....	309.279	116.798	154.545	147.829	195.316	343.284
<b>Veltufrjármunir</b>	<b>696.248</b>	<b>503.767</b>	<b>541.514</b>	<b>534.798</b>	<b>582.285</b>	<b>730.253</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>5.022.024</b>	<b>5.513.221</b>	<b>5.760.203</b>	<b>6.031.487</b>	<b>6.279.135</b>	<b>6.409.637</b>

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
<b>Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eiginfrjámrækingar:</b>						
Eigið fé .....	2.970.938	3.088.649	3.138.514	3.290.127	3.479.071	3.700.219
Hlutdeild minnihluta .....	0	0	0	0	0	0
	2.970.938	3.088.649	3.138.514	3.290.127	3.479.071	3.700.219
<b>Skuldbindingar:</b>						
Lífeyrisskuldbindingar .....	235.636	251.172	306.852	318.355	330.088	341.843
Tekjuskattskuldbinding .....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar .....	0	0	0	0	0	0
	235.636	251.172	306.852	318.355	330.088	341.843
<b>Langtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir .....	1.417.659	1.707.698	1.870.617	1.960.584	1.993.457	1.886.432
Leiguskuldir .....	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki .....	0 ( 0 ) ( 0 ) ( 0 )	0	0	0	0	0
	1.417.659	1.707.698	1.870.617	1.960.584	1.993.457	1.886.432
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir .....	0	30.000	0	0	0	0
Reiknuð fjárför .....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir .....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	0	0 ( 0 )	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	88.998	127.791	135.883	152.587	166.418	170.798
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga .....	8.491	7.609	8.035	9.532	9.799	10.044
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki .....	0	0	0 ( 0 )	0	0 ( 0 )	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	300.302	300.302	300.302	300.302	300.302	300.302
	397.791	465.702	444.220	462.421	476.519	481.144
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>2.051.066</b>	<b>2.424.572</b>	<b>2.621.689</b>	<b>2.741.360</b>	<b>2.800.064</b>	<b>2.709.419</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>5.022.024</b>	<b>5.513.221</b>	<b>5.760.203</b>	<b>6.031.488</b>	<b>6.279.135</b>	<b>6.409.638</b>

## SJÓÐSTREYMISYFIRLIT A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
<b>Sjóðstreymisyfirlit</b>						
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
<b>Niðurstaða ársins</b>	106.127	117.711	49.865	151.613	188.944	221.148
<b>Líðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</b>						
Afskriftir .....	126.770	180.229	197.017	201.175	214.015	226.640
Verðbætur og gengismunur .....	93.984	132.188	103.438	83.537	67.328	61.137
Byggingarréttur .....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага .....	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	158	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta .....	0	0	0	0	0	0
Frestaður tekjuskattur, breyting .....	119	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum .....	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum .....	21.805	19.454	63.106	20.000	20.000	20.000
Breyting á öðrum skuldbindingum .....	0	0	0	0	0	0
Aðrir líðir .....	( 10 )	0	0	0	0	0
<b>Veltufé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>408.753</b>	<b>449.583</b>	<b>413.426</b>	<b>456.325</b>	<b>490.286</b>	<b>528.924</b>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting .....	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Birgðir, breyting .....	( 409 )	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting .....	14.809	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir, breyting .....	8.166	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, breyting .....	( 33.213 )	0	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga .....	( 7.783 )	( 4.800 )	( 7.000 )	( 7.000 )	( 8.000 )	( 8.000 )
Greiðslur vegna annarra skuldbindinga .....	0	0	0	0	0	0
	( 12.805 )	1.025	( 1.175 )	( 1.175 )	( 2.175 )	( 2.175 )
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>395.948</b>	<b>450.608</b>	<b>412.251</b>	<b>455.150</b>	<b>488.111</b>	<b>526.749</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 772.732 )	( 939.732 )	( 412.078 )	( 485.000 )	( 420.000 )	( 215.000 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....	161	0	0	0	0	0
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði .....	0	0	0	0	0	0
Söluverð íbúðarhúsnæðis .....	0	0	0	0	0	0
Gatnagerðargjöld .....	56.399	70.000	0	0	0	0
Byggingarréttur .....	0	0	0	0	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting .....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting .....	( 47 )	0	0	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting .....	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting .....	0	0	0	0	0	0
	( 716.219 )	( 869.732 )	( 412.078 )	( 485.000 )	( 420.000 )	( 215.000 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Framlög frá eigin fyrirtækjum og arður .....	0	0	0	0	0	0
Breyting á hlutfé .....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting .....	0	0	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....	500.000	300.000	200.000	160.000	130.000	0
Afborganir langtímalána .....	( 95.282 )	( 103.357 )	( 132.427 )	( 136.866 )	( 150.624 )	( 163.782 )
Afborganir leiguskulda .....	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting .....	0	( 0 )	( 0 )	0	( 0 )	0
Skammtímalán, breyting .....	0	30.000	( 30.000 )	0	0	0
	404.718	226.643	37.573	23.134	( 20.624 )	( 163.782 )
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....	<b>84.447</b>	<b>( 192.481 )</b>	<b>37.746</b>	<b>( 6.715 )</b>	<b>47.487</b>	<b>147.967</b>
<b>Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun</b> .....	<b>224.832</b>	<b>309.279</b>	<b>116.798</b>	<b>154.545</b>	<b>147.829</b>	<b>195.316</b>
<b>Handbært fé (fjárbörf) í árstok</b>	<b>309.279</b>	<b>116.798</b>	<b>154.544</b>	<b>147.829</b>	<b>195.316</b>	<b>343.284</b>



## LYKILTÖLUR

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2022	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
<b>Lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við tekjur</b>						
<b>Rekstrartekjur:</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	50,4%	54,9%	55,2%	55,8%	56,4%	56,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	25,5%	19,6%	18,2%	17,8%	17,5%	17,3%
Aðrar tekjur .....	24,1%	25,4%	26,6%	26,3%	26,1%	25,9%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Rekstrargjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	48,7%	48,3%	48,7%	48,8%	48,8%	48,8%
Annar rekstrarkostnaður .....	38,5%	35,4%	37,3%	36,8%	36,4%	36,0%
Afskriftir .....	4,3%	5,9%	5,9%	5,7%	5,8%	5,9%
Fjármagnslöir, nettó .....	4,0%	5,9%	4,8%	3,8%	3,3%	2,9%
	93,5%	95,5%	96,6%	95,1%	94,3%	93,7%
Framlög frá eigin sjóðum .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Peningaleg staða (neikvæð) .....	( 45,9% )	( 63,0% )	( 61,7% )	( 62,3% )	( 60,1% )	( 51,5% )
Skuldir og skuldbindingar .....	69,8%	79,7%	78,0%	77,6%	76,0%	70,7%
Rekstrarriðurstaða (neikvæð) .....	5,7%	3,9%	1,5%	4,3%	5,1%	5,8%
Veltufé frá rekstri (tí rekstrar) .....	13,9%	14,8%	12,3%	12,9%	13,3%	13,8%
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 24,4% )	( 28,6% )	( 12,3% )	( 13,7% )	( 11,4% )	( 5,6% )
<b>Í þúsundum króna á hvern íbúa</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður .....	1.097	1.080	1.140	1.167	1.186	1.204
Þjónustutekjur og aðrar tekjur .....	347	389	413	417	418	420
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>1.445</b>	<b>1.448</b>	<b>1.553</b>	<b>1.584</b>	<b>1.605</b>	<b>1.624</b>
Rekstrargjöld og fjármagnslöir nettó .....	( 1.300 )	( 1.306 )	( 1.439 )	( 1.425 )	( 1.429 )	( 1.434 )
Framlög frá eigin sjóðum .....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarriðurstaða (neikvæð) .....	82	56	23	68	82	94
<b>Efnahagur:</b>						
Heildareignir .....	2.468	2.625	2.661	2.705	2.736	2.716
Eigið fé .....	1.460	1.471	1.450	1.475	1.516	1.568
Skuldbindingar og aðrir liðir .....	116	120	142	143	144	145
Skuldir .....	892	1.035	1.069	1.087	1.076	1.003
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b> .....	<b>2.468</b>	<b>2.625</b>	<b>2.661</b>	<b>2.705</b>	<b>2.736</b>	<b>2.716</b>
<b>Aðrar lykiltölur:</b>						
Veltufjárhlutfall .....	1,75	1,08	1,22	1,16	1,22	1,52
Eiginfjárhlutfall .....	0,59	0,56	0,54	0,55	0,55	0,58
Íbúafjöldi 31. desember .....	2.035	2.100	2.165	2.230	2.295	2.360

## FJÁRFESTINGAYFIRLIT

Fjárfestingaryfirlit					
Fjárfesting	Ár				
Hluti	Árið 2023	Árið 2024	Árið 2025	Árið 2026	Árið 2027
<b>A hluti</b>					
<b>Eignasjóður</b>	831.000	388.000	415.000	350.000	140.000
Leikskóli og Hvolskóli	665.000	0	0	0	0
Gatnagerð Hvolsvelli	( 70.000 )	0	0	0	0
Uppbygging á Skógum	0	200.000	0	0	0
Gatnagerð og endurnýjun gatna	236.000	71.000	240.000	100.000	100.000
Gerfigras	0	0	0	250.000	0
Viðhald húsnæðis	0	0	0	0	40.000
Viðhald húsnæðis og uppbygging íþróttaaðstöðu	0	117.000	175.000	0	0
<b>Þjónustustöð</b>	22.000	0	10.000	10.000	15.000
Áhaldahús tæki	22.000	0	10.000	10.000	15.000
<b>Samstarfsverkefni A hluta</b>	0	5.649	0	0	0
Félags- og skólaþjón	0	1.769	0	0	0
Brunavarnir Rangæinga	0	3.880	0	0	0
<b>A hluti samtals</b>	853.000	393.649	425.000	360.000	155.000
<b>B hluti</b>					
<b>Vatnsveita</b>	0	0	60.000	60.000	60.000
Endurnýja lagnir Landeyjar	0	0	60.000	60.000	60.000
<b>Samstarfsverkefni B hluta</b>	16.732	18.429	0	0	0
Sorpstöð Rangæinga	16.732	18.429	0	0	0
<b>B hluti samtals</b>	16.732	18.429	60.000	60.000	60.000
<b>Samantekið - A og B hluti</b>	869.732	412.078	485.000	420.000	215.000

## LOKAORÐ

Almennt mun aðhalds gæta í rekstri sveitarfélagsins. Töluverð óvissa er um efnahag landsins vegna langvinnrar verðbólgu.